



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Alþingi
Erindi nr. P 135/1711
komudagur 10.3.2008

Reykjavík, 7. mars 2008

Tilv.: 0802014

Nefndasvið Alþingis
b.t. viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn Samkeppniseftirlitsins um frumvarp til laga um breytingu á samkeppnislögum, nr. 44/2005, 26. mál, þskj. 26 á 135. löggjafarþingi.

1. Inngangur

Í 1. gr. frumvarpsins segir:

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 17. gr. laganna:

- a. Í stað fjárhæðarinnar „1 milljarður kr.“ í 1. málsl. kemur: 4 milljarðar kr.
- b. Í stað fjárhæðarinnar „50 millj. kr.“ í 3. málsl. kemur: 300 millj. kr.

Í athugasemdum við frumvarpið segir að veltumörk íslensku samkeppnislaganna séu allt of lág og því sé í frumvarpinu lagt til að veltuviðmiðin verði hækkuð verulega. Gífurlegar breytingar hafi orðið á íslensku viðskiptalífi síðan þá og umsvif íslenskra fyrirtækja aukist mikið. Þá er í þessu samhengi vísað til veltumarka á öðrum Norðurlöndum og hafi mörkin í sænskum, dönskum og finnskum samkeppnislögum verið mun hærri en veltumörkin í íslensku lögunum. Þá segir í frumvarpinu að óþarflega ríkar kröfur um tilkynningarskyldu valdi ástæðulausu álagi á Samkeppniseftirlitið.

2. Umsögn Samkeppniseftirlitsins

Samkeppniseftirlitið leggst gegn því að veltumörk fyrir tilkynningarskylda samruna verði hækkuð með þeim hætti sem lagt er til í frumvarpinu. Á Íslandi er rík tilhneiging til fákeppni á mörkuðum og fákeppni getur haft skaðleg áhrif á hagsmuni almennings. Öflugt samrunaeftirlit er helsta vörnin gegn því að slíkar skaðlegar aðstæður verði til eða versni. Ljóst er að hækkun á veltumörkum veikir samrunaeftirlit hér á landi. Hún leiði til þess að hugsanlega verði til eða eflist markaðsráðandi staða, eins eða fleiri fyrirtækja, á mikilvægum samkeppnismörkuðum án þess að rönd verði við reist. Röksemdir þess efnis að veltumörk hér á landi séu óvenjulega lág eiga ekki við rök að styðjast. Leggur Samkeppniseftirlitið því til að veltumörk verði óbreytt frá því sem nú er.

Um nánari rökstuðning fyrir framangreindu vísast til kafla 2 í umsögn Samkeppniseftirlitsins, dags. 6. mars 2008, um frumvarp til laga um breytingu á samkeppnislögum, nr. 44/2005, með síðari breytingum, 384. mál, þskj. 628 á 135. löggjafarþingi. Er þar fjallað um 3. gr. a í nefndu frumvarpi, en þar er lagt til að veltumörk verði hækkuð í 2 milljarða króna, að því er varðar sameiginlega heildarveltu, og 200 milljónir króna, að því verðar ársveltu a.m.k. tveggja fyrirtækja sem aðild eiga að samruna.



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Eðli málsins samkvæmt eiga sjónarmið Samkeppniseftirlitsins sem fram koma í fyrrgreindri umsögn enn frekar við um breytingartillögur þessa frumvarps, enda gert ráð fyrir enn hærri veltumörkum. Þannig leiðir samanburður á veltumörkum Evrópuþjóða sem hlutfall af vergri landsframleiðslu í ljós að hér á landi myndu fjögurra milljarða króna veltumörk vegna sameiginlegrar veltu samrunaaðila svara til 0,38% af landsframleiðslu. Sé þetta borið saman við mörk hinna Norðurlandanna má sjá að mörkin yrðu langtum hærri en þau eru í Danmörku (0,27%), Svíþjóð (0,17%), Noregi (0,003%) og Finnlandi (0,25%).

Þá myndi hækkun á veltumörkum vegna hvers einstaks samrunaaðila úr 50 milljónum í 300 milljónir leiða til þess að þau mörk yrðu jafnframt hlutfallslega þau allra hæstu sem þekkjast í Evrópu, eða 0.0284% af vergri landsframleiðslu. Til samanburðar má skoða hin Norðurlöndin, en þar er hlutfallið í Danmörku 0,0217%, í Svíþjóð 0,0041%, í Noregi 0,0012% og í Finnlandi 0,0141%.

Sömuleiðis er ljóst að af tæplega 100 ákvörðunum um samruna sem teknar hafa verið frá því Samkeppniseftirlitið hóf störf á miðju ári 2005 hefðu u.þ.b. 65 samrunar ekki komið til skoðunar ef veltumörk hefðu verið þau sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Það er þó öllu alvarlegra að sex af þessum 65 ákvörðunum, sem ekki hefðu komið til skoðunar eftir hækkun á veltumörkum, fólu í sér íhlutun vegna þess að markaðsráðandi staða varð til eða styrktist með skaða fyrir samkeppni. Við hækkuð veltumörk samkvæmt frumvarpinu hefðu þessir sex samkeppnishamlandi samrunar náð fram að ganga án mögulegrar íhlutunar Samkeppniseftirlitsins. Með því hefði t.d. myndast einokun á markaði fyrir bifreiðaskoðun með samruna Frumherja og Aðalskoðunar án þess að unnt hefði verið að hafast að. Þá hefði orðið til yfirburðastaða á mörkuðum fyrir annars vegar bókaútgáfu og hins vegar bókadreifingu með samrunum án þess að unnt hefði verið að bæta samkeppnisaðstæður með því að setja samrununum skilyrði. Einnig hefði orðið skaðlegur samruni á markaði fyrir gerð sjónvarpsefnis og auglýsinga í sjónvarpi án þess að Samkeppniseftirlitið hefði getað hlutast til um það. Loks hefði náð fram að ganga skaðlegur samruni á markaði fyrir fólksflutninga með hópferðabifreiðum, sem ógiltur var, og samruni fyrirtækja á fóður- og áburðarmarkaði, sem samþykktur var með skilyrðum.

Að öðru leyti vísast til fyrrgreindrar umsagnar, dags. 7. mars 2008, um frumvarp til laga um breytingu á samkeppnislögum nr. 44/2005, með síðari breytingum, 384. mál, þskj. 628 á 135. löggjafarþingi, og umsagnar Samkeppniseftirlitsins, dags. 19. febrúar 2007, um frumvarp til laga um breytingu á samkeppnislögum nr. 44/2005, á 133. löggjafarþingi, 11. mál, þskj. 11.

Páll Gunnar Pálsson

Virðingarfyllst,
Samkeppniseftirlitið

Hafdís Ólafsdóttir